Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 24. ágúst 2017 - R17080004

Málsnr.	***Erindi:***	***Afgreiðsla:***
	Fundargerðir:	
R17010024	Fundargerðir stjórnar SSH nr. 445 og 446	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17040031	Fundargerð stjórnar Faxaflóahafna nr. 159	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R17080063	Erindisbréf um viðburðarstjórn Ráðhúss Reykjavíkur, dags. 17.8.'17.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17080092	Erindi frá Hólmfríði Ben vegna vinninga á Skerpluhátíð, dags. 20.8.'17.	Sent upplýsinga- og vefdeild til meðferðar.
R17060148	Bréf velferðarráðuneytis, dags. 15.6.'17, vegna tilnefninga í stjórn lánatryggingasjóðs kvenna.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til meðferðar.
R17080101	Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 18.8.'17, varðandi kostnaðarþátttöku sveitarfélaga vegna kjaramálavinnu.	Sent fjármálaskrifstofu til meðferðar og borgarfulltrúum til kynningar.
R17080076	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um það hvort Félagsbústaðir hefi eftirlit með framleigu.	Sent Félagsbústöðum hf. til umsagnar.
R17080023	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Kjartans Magnússonar um aðgang að gögnum varðandi ráðningu borgarlögmanns.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R17080078	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um grjótvegg við klambratún.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R16090153	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við niðurrif Toppstöðvarinnar.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.

STJÓRN SSH
445. fundur

Mánudaginn 13. júní 2017, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Líndal Haraldsson, S. Björn Blöndal, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Guðný Ívarsdóttir.
Fjarverandi: Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri.

Ennfremur sátu eftirtaldir fjármálastjórar sveitarfélaganna: Birgir Björn Sigurjónsson, Reykjavík, Pétur Lockton, Mosfellsbæ, Ingólfur Arnarson, Kópavogi, Rósa Steingrímsdóttir, Hafnarfirði, Lúðvík Hjalti Jónsson, Garðabæ og Gunnar Lúðvíksson, Seltjarnarnesi.
Stjórnarformaður SSH, Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

Viðfangsefni fundarins var yfirferð með Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúum Lífeyrissjóðsins Brúar, Gerði Guðjónsdóttur og Auðunni Guðjónssyni yfir nýjar reglur um lífeyrissréttindi opinberra starfsmanna, fjárhagsleg áhrif þeirra breytinga sem reglurnar hafa í för með sér á lífeyrisskuldbindingar sveitarfélaganna og meðferð þeirra í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaganna

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05

STJÓRN SSH
446. fundur

Mánudaginn 14. ágúst 2017, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Haraldur Sverrisson
Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir.
Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður SSH, Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

1. **BORGARLÍNAN og tengd viðfangsefni** /málsnr. 1610002
   Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Eyjólfur Árni Rafnsson verkefnisstjóri Borgarlínu og Lilja Guðrún Karlsdóttir sérfræðingur hjá Viaplan / COWI.

   a) Fyrir fundinum lá samantekt vegna innkominna ábendinga og athugasemda í kjölfar forkynningar á tillögum að legu Borgarlínunnar í svæðisskipulagi og aðalskipulagi sveitarfélaganna.
   Málið fer áfram til efnislegrar umfjöllunar hjá svæðisskipulagsnefnd og eftir atvikum hjá aðildarsveitarfélögunum.

   b) Lilja gerði grein fyrir stöðu vinnu COWI við frekari greiningum á kostum við legu línunnar og forsendum sem beita þarf við fyrsta mat á mögulegri áfangaskiptingu Borgarlínunnar.

   Umræður

   Niðurstaða:
   Í samræmi við samkomulag sveitarfélaganna frá 2. desember verður á grundvelli ofanritaðs mótuð endanleg tillaga á legu Borgarlínunnar í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og eftir atvikum í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Áfram er stefnt að því að staðfesting á breytingu svæðisskipulags vegna þessa verði tilbúin til kynningar fyrir lok árs.
   Frekari umræða um áfangaskiptingu og tímasetningar vegna uppbyggingar innviða Borgarlínu mun síðan byggjast á þeirri vinnu sem er framundan í sameiginlegum starfshópi sveitarfélaganna og ríkisins sem skipaður var til að skoða heildstætt uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. viðræður um mögulega aðkomu og þátttöku ríkisins að fjármögnun verkefnisins.

2. **„MEET IN REYKJAVÍK" – kynning á starfi**
   Á fundinn mætti undir þessum dagskrárlið Þorsteinn Örn Guðmundsson framkvæmdastjóri „Meet in Reykjavik" og kynnti starfsemi, stöðu og horfur vegna markaðssetningar höfuðborgarsvæðisins til ráðstefnuhalds og annarra viðburðatengdrar þjónustu.

3. **Húsnæðismál og lóðaframboð á höfuðborgarsvæðinu** /málsnr. 1703008
Farið var yfir sérstaka samantekt sem unnin var af skrifstofu SSH fyrr á árinu með upplýsingum um fyrirsjáanlegt framboð lóða og væntanlegt framboð nýrra íbúða á höfuðborgarsvæðinu á næstu 3 árum.

Umræður

Niðurstaða:
Samþykkt að unnin verði uppfærsla á samantektinni þar sem áhersla verði á að fá greinargóða mynd af fyrirætlunum sveitarfélaganna um uppbyggingu á félagslegu húsnæði á næstu árum.

4. **Rekstrarúttekt byggðasamlaganna** /málsnr. 1501004
Rætt um stöðu úrvinnslu vegna rekstrarúttektar byggðasamlaganna.

5. **Önnur mál.**

a) Erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis frá 13. júlí 2017 vegna aðalsenda hljóðvarps og sjónvarps á höfuðborgarsvæðinu. /málsnr. 1707005
Lagt fram til kynningar – málið er í sérstöku ferli hjá Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ.

b) Haraldur Sverrisson vakti máls á þörf fyrir sérstaka yfirferð yfir leiðakerfi Strætó bs. m.a. vegna fyrirsjáanlegs skorts á almenningssamgöngum í Helgafellshverfi í Mosfellsbæ.
Frakvæmdastjóri SSH upplýsti að framkvæmdastjóri Strætó bs. hefði óskað eftir fundi eigenda til að ræða hugmyndir um breytingar á leiðakerfi Strætó bs. og möguleg áhrif þeirra breytinga á kostnaðarskiptingu vegna stofnleiða. Málið er í undirbúningi og væntanlega boðað til fundar þegar öll gögn vegna málsins liggja fyrir.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05

Fundur nr. 159
Ár 2017, föstudagurinn 18. ágúst kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 10:00.

Mættir:
Dagur B. Eggertsson
Líf Magneudóttir
Þórlaug Ágústsdóttir
Einar Brandsson
Björgvin Helgason
S. Björn Blöndal
Marta Guðjónsdóttir

Varafulltrúar:
Árni Hjörleifsson

Áheyrnarfulltrúar:
Júlíus Víðir Guðnason

Auk þess sátu fundinn: Guðmundur Eiríksson, forstöðumaður tæknideildar, Hildur Gunnlaugsdóttir ,skipulagsfulltrúi og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Sex mánaða uppgjör Faxaflóahafna sf. janúar til júní 2017 ásamt greinargerð hafnarstjóra.
   Hafnarstjóri gerði grein fyrir meginatriðum uppgjörsins. Lagt fram.

2. Rammi að fjárhagsáætlun ársins 2018.
   Hafnarstjóri fór yfir helstu atriði í þeim ramma sem liggur fyrir að fjárhagsáætlun árins 2018.

3. Ársfundargerð Vatnsveitufélags Hvalfjarðarsveitar dags. 28.6.2017.
   Lögð fram.

4. Lóðaumsóknir
   a. Umsókn Parlogis ehf., dags. 10.7.2017, um lóð á athafnasvæði í nágrenni við Sundahöfn.
   Unnið er að gerð deiliskipulags á svæðinu og því ekki unnt að verða við erindinu.

   b. Umsókn Smágarða ehf., dags. 24.7.2017, um lóð hjá Faxaflóahöfnum.
   Unnið er að gerð deiliskipulags á svæðinu og því ekki unnt að verða við erindinu.

   c. Erindi Fóðurblöndunnar dags. 8.8.2017 um lóð á fyrirhugaðri landfyllingu í Vatnagörðum og viðræður um núvarandi starfsaðstöðu fyrirtækisins.
   Gerð var grein fyrir efni erindisins. Ákveðið að taka það fyrir síðar.

5. Lóðamál.
   a. Lóðamál á Grundartanga.
   b. Lóða- og fasteignamál á Akranesi.

   Hafnarstjóri gerði grein fyrir lóðamálum á Grundartanga og lóða- og fasteignamálum á Akranesi.

6. Skipulagsmál:
   a. Kynning á tillögu að deiliskipulagsbreytingu. Breytingin felur í sér aukið nýtingarhlutfall, sameiningu lóða og sameiginlegan bílakjallara við Fiskislóð 33-37.

   Skipulagsfulltrúi fór yfir fyrirliggjandi tilllögur og tekur hafnarstjórn jákvætt í erindið og heimilar að það formlegt erindi verði lagt fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur. Athygli er vakin á að aukin nýting lóða hefur í för með sér viðbótar lóðagjald.
   LM vék af fundi.

   b. Skipulag utan Klepps.

   Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning að deiliskipulagi utan Klepps.

7. Forkaupsréttarmál:
   a. Erindi dags. 17. júlí 2017, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti að eignarhluta að Geirsgötu 11 fastanr. 200-0221. Kaupandi Geirsgata 11 ehf. kt. 620198-2269. Seljandi Brim ehf. kt. 410998-2629.
   b. Erindi dags. 21. júní 2017, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti að eignarhluta að Köllunarklettsvegi 2 fastanr. 224-0828. Kaupandi BB29 ehf. kt. 450393-2749. Seljandi Landberg ehf. kt. 510315-0220.

   Hafnarstjórn staðfestir að fallið sé frá forkaupsrétti enda verði starfsemi á lóðunum í samræmi við lóðasamninga og deiliskipulag.

8. Önnur mál.
   a. Tillaga að fundardögum stjórnar Faxaflóahafna sf. til áramóta.

   Lögð fram tillaga að fundardögum hafnarstjórnar til áramóta.

Fleira ekki gert
fundi slitið
kl. 11:30

Sigríður Björnsdóttir
Þórólfur Ágústsson
Guðmundur Ólason
Einar B. Árnason
Björgvin Halldórsson
Marta Guðjónsdóttir
Eiríkur Ásgeirsson

Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 17. ágúst 2017
R17080063

Borgarráð

Viðburðastjórn Ráðhúss Reykjavíkur

Hjálagt erindisbréf um viðburðastjórn Ráðhúss Reykjavíkur er lagt fram til kynningar. Viðburðastjórn Ráðhúss er ætlað að samræma ákvarðanatöku og stefnumörkun er snýr að Ráðhúsinu og tryggja upplýsingaflæði á milli þeirra aðila sem að starfsemi hússins koma.

Stefán Eiríksson

Hjálagt:
Erindisbréf um viðburðastjórn Ráðhúss Reykjavíkur

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík
Sími 411 1111
www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

ERINDISBRÉF

Viðburðastjórn Ráðhúss Reykjavíkur

Ábyrgðarmaður:
Borgarritari.

Hlutverk viðburðastjórnar:
Ráðhús Reykjavíkur er mikilvæg miðstöð stjórnsýslu, þjónustu, menningar og lista. Í Ráðhúsinu eru alla jafna fjölmargir viðburðir í hverjum mánuði auk þess sem húsið hýsir miðlæga stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, menningar og ferðamálasvið og upplýsingamiðstöð ferðamanna. Viðburðastjórn Ráðhúss er ætlað að samræma ákvarðanatöku og stefnumörkun er snýr að Ráðhúsinu og tryggja upplýsingaflæði á milli þeirra aðila sem að starfsemi hússins koma.

Helstu verkefni:

- Afgreiðir beiðnir sem berast um afnot af Tjarnarsalnum og öðrum húsakosti Ráðhúss í samræmi við reglur þar að lútandi.
- Afgreiðir beiðnir um þátttöku Reykjavíkurborgar í viðburðum og uppákomum í Tjarnarsal og öðrum húsakosti Ráðhúss.
- Afgreiðir ýmis erindi er varða húsakost Ráðhússins, t.a.m. vegna flöggunar, lýsingar og merkinga.
- Veitir umsögn um afgreiðslur á beiðnum um umfangsmiklar móttökur borgarstjóra eftir atvikum.
- Veitir umsögn um aðkomu borgarinnar að viðburðum/uppákomum eftir atvikum
- Ber ábyrgð á að reglum um Tjarnarsal sé framfylgt og leggur til endurskoðun á þeim eftir þörfum.

Viðburðastjórn skipa:
Dagný Ingadóttir, fulltrúi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (formaður).
Bjarni Vilhelm Stefánsson, fulltrúi skrifstofu þjónustu og reksturs.
Björg Jónsdóttir, fulltrúi menningar- og ferðamálasviðs.
Karen María Jónsdóttir, fulltrúi höfuðborgarstofu.
Sólveig Ólafsdóttir, fulltrúi upplýsingadeildar.
Anna Karen Kristinsdóttir, mótttökufulltrúi Reykjavíkurborgar.
Fulltrúi húsvarðateymis.

Til ráðgjafar og samstarfs:
Hrólfur Jónsson, fulltrúi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Starfsmaður hópsins
Sigurlaug Sigurðardóttir, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Starfstímabil: Viðburðastjórn starfi til ársloka 2018 og verður þá endurskipuð.

Reykjavík, 17. ágúst 2017

Stefán Eiríksson

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík
Sími 411 1111
www.reykjavik.is

From: Hólmfríður Ben Benediktsdóttir [mailto:hoffiben@simnet.is]
Sent: 20. ágúst 2017 22:09
To: Upplýsingar - Pósthólf Símaver
Subject: Vinsamlega komið þessum pósti á réttan aðila

Góðan dag.

Ég sendi þetta bréf í nafni Íbúafélags Litla Skerjafjarðar, þar sem ég er búsett.
Í þessu skemmtilega hverfi sem Litli Skerjó er höfum við að sumri haldið Skerpluhátíð en af ýmsum ástæðum féll hátíðin niður síðusta ár. Ungir piltar sem hér búa eru svo framtakssamir að þeir hafa upp á eigin spítur sett saman dagskrá og á að taka upp fyrri siði og halda hátíðina n.k. laugardag, þann 28. ágúst.
Líklega er tiltölulega dýrara að halda hátíð fyrir svo lítið samfélag því að sjálfsögðu þarf hoppukastala og fleira fyrir börnin og veislutjald og annað sem tilheyrir svona hátíðahöldum. Piltarnir duglegu ákváðu að hafa happdrætti til fjáröflunar og hugmyndin er að leita ekki langt yfir skammt eftir vinningum en þar sem hverfið státar ekki af mörgum fyrirtækjum, eða nánast engu, þurfum við að víkka radíusinn og teygja sig yfir í þau fyrirtæki sem eru í göngufæri og við getum kallað nágranna.
Nú þegar tæp vika er í herlegheitin eru ekki komnir margir vinningar svo það liggur mikið við. Sjái Reykjavíkurborg sér fært að styrkja Skerpluhátíðina með vinningi, s.s. Menningarkorti Reykjavíkur, í happdrættið er það mjög vel þegið. Athugið að vegna þess hve seint var ákveðið að hafa hátíðina sóttum við ekki um hefðbundin styrk til hverfis hátíðahalda.

Afsakið hvað fyrirvarinn er skammarlega stuttur en eftir samtal (í dag sunnudag) við unga manninn sem er driffjöðrin í þessu verkefni varð úr að ég skrifaði og sendi þetta bréf.
Þeim sem styrkja Skerpluhátíðina með þessum hætti verður hampað í Facebook hópnum Litli Skerjafjörður sem er ígildi auglýsingar.

Hjartans þakkir fyrir að veita þessum pósti viðtöku, við bíðum spennt eftir svari.
Kær kveðja, frá Hólmfríður Ben, Reykjavíkurvegi 42.

Máisnr.: 2170601 4
Skjalasafn Ráðhús
19. júní 2017
Bréfalykill: 1270

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavíkurborg
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 15. júní 2017
Tilv.: VEL17060126/04.08

Efni: Óskað tilnefninga í stjórn lánatryggingasjóðs kvenna til næstu þriggja ára.

Með vísan til samkomulags um starfsemi lánatryggingasjóðs kvenna, dags. 9. mars 2011, skipar ráðherra stjórn lánatryggingasjóðs kvenna til þriggja ára í senn.

Stjórnin hefur það hlutverk að móta lánareglur sjóðsins í samráði við stofnaðila hans. Hlutverk lánatryggingasjóðs kvenna er að styðja konur til nýsköpunar og þátttöku í atvinnulífinu með því að veita ábyrgðir á lánum samkvæmt samþykktum og lánareglum sjóðsins ásamt því að tryggja að ráðgjöf og handleiðsla verði tengd veitingu ábyrgða úr sjóðnum.

Skipunartími stjórnarinnar rann út 8. mars sl. og er hér með óskað eftir því að Reykjavíkurborg tilnefni að nýju fulltrúa sinn í stjórnina.

Ráðuneytið vekur athygli á 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Þess er vinsamlega óskað að umbeðnar tilnefningar berist ráðuneytinu sem allra fyrst, ásamt upplýsingum um kennitölur og netföng þeirra aðila sem tilnefndir verða.

Fyrir hönd félags- og jafnréttismálaráðherra

Hrönn Ottósdóttir

Margrét Sigurðardóttir

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Reykjavík 18. ágúst 2017

1708017SA KB
Málalykill: 00.21

Efni: Kostnaðarþátttaka sveitarfélaga vegna kjaramálavinnu sambandsins

Um áratuga skeið hefur Samband íslenskra sveitarfélaga þjónað sveitarfélögum á sviði kjaramála. Í fyrstu var það gert af hálfu Launanefndar sveitarfélaga, sem starfaði á vegum sambandsins, og naut nefndin þjónustu starfsmanna þess, en sveitarfélögin áttu fulltrúa í nefndinni sem jafnframt tóku þátt í kjaraviðræðum á vegum hennar. Kostnaður við nefndina og kjarasamningsgerð var fjármagnaður með því að deila honum á sveitarfélögin í hlutfalli við þau stöðugildi í hverju sveitarfélagi sem heyrðu undir þá kjarasamninga sem gerðir voru. Auk þess báru mörg sveitarfélög mikinn ómældan kostnað með því að útvega starfsmenn í þessa vinnu án þess að fá hann endurgreiddan.

Eftir því sem umfang þessara verkefna óx, og dagleg þjónusta sambandsins við sveitarfélögin og launadeildir þeirra jókst, var ákveðið að stofna sérstakt kjarasvið hjá sambandinu. Í framhaldinu var ákveðið árið 2010 að leggja niður launanefndina og fullnaðarumboð hennar til kjarasamningsgerðar fluttist til stjórnar sambandsins. Meginþungi kjarasamningagerðar við 63 stéttarfélög auk þjónustu og ráðgjafar til stjórnenda sveitarfélaga varðandi kjaramál hvílir nú á herðum sex starfsmanna kjarasviðs. Í kjaraviðræðum er þó oftast fengin aðstoð frá nokkrum sérfræðingum frá sveitarfélögum sem greitt er sérstaklega fyrir. Að auki fylgir mikil yfirvinna kjarasamningsgerð.

Starfsmat var tekið upp í nokkrum kjarasamningum sveitarfélaga fyrir tæpum þremur áratugum. Það hefur verið í stöðugri þróun og upp úr síðustu aldamótum var nýtt og endurbætt starfsmat tekið upp við launasetningu starfa hjá sveitarfélögum. Starfsmatið er viðvarandi samstarfsverkefni sveitarfélaga og stéttarfélaga, sem hefur eflst og vaxið mikið á síðustu árum, með tilheyrandi kostnaði, þar sem samið hefur verið við æ fleiri stéttarfélög um upptöku starfsmats. Til að auka gæði starfsmatsins, þjónustu við sveitarfélögin og hagkvæmni í rekstri, stofnaði sambandið og Reykjavíkurborg verkefnastofu starfsmats, sem rekin hefur verið með góðum árangri síðan árið 2013. Starfsmatið hefur sannað ágæti sitt sem greiningartæki til að leggja samræmt mat á ólík störf og um það ríkir ágæt sátt meðal sveitarfélaga og stéttarfélaga. Starfsmatið mun einnig auðvelda sveitarfélögum að uppfylla nýlegar lagaskyldur um jafnlaunavottun og spara sveitarfélögunum háar fjárhæðir við innleiðingu jafnlaunastaðalsins, þar sem greining á störfum þeirra liggur nú að mestum hluta fyrir. Frá upphafi hefur fyrirkomulagið verið að sveitarfélögin bera sérstaklega kostnaðinn við þjónustu sambandsins á sviði kjaramála, því þau framlög sem sambandið fær frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga standa einungis undir kostnaði við almenna starfsemi þess.

Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, sími 515 4900, fax 515 4903, samband@samband.is, www.samband.is

Reynt hefur verið að halda kostnaðarþátttökunni nokkuð jafnri milli ára þó útgjöldin sveiflist nokkuð ár frá ári. Í bókhaldi sambandsins er sérstakur viðskiptareikningur vegna þessarar þjónustu. Þau ár sem mikið vinnuálag hefur verið við kjarasamningsgerð hefur myndast inneign hjá sambandinu gagnvart sveitarfélögunum, en þau ár, þegar friðarskylda ríkir og minna hefur verið í gangi, lækkar inneignin. Vegna mikils óróa á vinnumarkaði undanfarin ár hafa aðstæður breyst verulega. Undantekningalaust hafa kjaraviðræður við einhver stéttarfélög staðið yfir á hverju ári og einnig hefur fjölgun stéttarfélaga í starfsmati aukið kostnaðinn við rekstur þess. Af þeim sökum hefur myndast nokkur inneign hjá sambandinu gagnvart sveitarfélögunum. Staðan er eins og hér kemur fram:

Viðskiptareikningur kjaramála hjá sambandinu

	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2015
Áramótastaða	40.976.926	33.843.057	31.301.327
Starfsmat	22.325.000	21.130.324	19.647.244
Sérkostnaður kjarasviðs	35.000.000	30.000.000	25.000.000
Reikningsfært hjá sveitarfélögum og st. þeirra	(46.000.000)	(43.996.455)	(42.105.514)
Staða í lok tímabils	52.301.926	40.976.926	33.843.057

Samkvæmt framangreindu er ljóst að nokkuð hefur vantað upp á síðustu ár að þær fjárhæðir sem innheimtar hafa verið hjá sveitarfélögunum hafi náð að lækka hallann á þessum viðskiptareikningi. Hallinn var 31,3 m.kr. við ársbyrjun 2015. Það ár námu útgjöldin 44,6 m.kr. og voru 42,1 m.kr. innheimtar hjá sveitarfélögunum. Hallinn var því 33,8 m.kr. í ársbyrjun 2016. Árið 2016 voru um 44,0 m.kr. innheimtar frá sveitarfélögunum, sem var 4,5% hækkun milli ára. Það dugði skammt því hallinn var kominn í um 41 m.kr. við ársbyrjun 2017. Við lok þessa árs er gert ráð fyrir að hallinn verði kominn í 52,3 m.kr. Tekið skal fram að sá kostnaður sem reiknaður er á kjarasviðið er einungis hluti af heildarkostnaði vegna þess.

Við þessu verður að bregðast þegar á næsta ári. Ganga verður á þennan halla. Hugmyndin er að gera það á nokkrum árum. Á næsta ári er verið að ræða um að sérstök 20% hækkun frá fyrra ári verði á framlögum sveitarfélaga umfram almennar verðlags- og launahækkanir sem grunngjaldið á hvert stöðugildi mun hækka um, en sá hluti hækkunarinnar verður í samræmi við það sem almennt verður reiknað með við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaga vegna ársins 2018. Sérstakar hækkanir fyrir árin 2019 og 2020 verða skoðaðar betur síðar. Áfram verður grunneiningin fjöldi stöðugilda hjá hverju sveitarfélagi sem sambandið þjónar og Reykjavíkurborg stendur utan kostnaðar við starfsmatið þar sem borgin greiðir beint sinn hlut við rekstur verkefnastofunnar.

Undirritaður væntir þess að sveitarfélögin ígrundi efni þessa bréfs og láti sambandið vita telji þau að hér sé of bratt farið til að ná fram þeirri leiðréttingu sem nauðsynleg er. Ef ekki berast almenn andmæli við þessari hugmynd má reikna með að hún verði að veruleika og því er tímabært fyrir sveitarfélög sem nú eru farin að huga að fjárhagsáætlunargerð fyrir næsta ár að reikna með útgjöldum í samræmi við hana.

Við umfjöllun um þetta mál er mikilvægt að hafa í huga að gríðarleg stærðarhagkvæmni fylgir því að nýta þjónustu sambandsins á sviði kjaramála. Skilvirknin er mikil, sparnaður

fyrir heildina vegna sameiginlegra kjarasamninga er mikill, auk þess sem samræmi og gegnsæi kjaraákvarðana eru meiri en ef 74 sveitarfélög myndu hvert um sig annast kjaraviðræður og kjarasamningsgerð við þau 63 stéttarfélög sem um ræðir. Stærsta kostinn við núverandi fyrirkomulag þekkja þó eldri sveitarstjórnarmenn, sem muna þá tíð þegar kjaraviðræður fóru fram heima í héraði, oft með ótrúlegum sérindum, illindum, vinslitum og sárum sem seint gréru.

Með von um jákvæðar undirtektir.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

BORGARRÁÐ 17. ágúst 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um eftirlit Félagsbústaða með framleigu - R17080076

Óskað er eftir upplýsingum um hvort að Félagsbústaðir hafi eftirlit með einhverjum hætti með því hvort að íbúðir í þeirra eigu séu framleigðar út til ferðamanna eins og t.d. á Airbnb eða öðrum sambærilegum síðum. Sé svarið jákvætt þá er óskað eftir upplýsingum um hvernig því eftirliti sé háttað, hver hafi verið niðurstaða þess og hverjar afleiðingar það séu fyrir leigutaka verði hann uppvís að framleigu.

BORGARRÁÐ 17. ágúst 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins Kjartan Magnússonar um aðgang að gögnum um ráðningu borgarlögmanns R17080023

Undirritaður óskar eftir því að fá fullan aðgang að öllum gögnum varðandi ráðningu borgarlögmanns.

BORGARRÁÐ 17. ágúst 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um grjótvegg við miklubraut - R17080078

Óskað er eftir greinargerð með upplýsingum um grjótvegg, sem settur hefur verið upp við Miklubraut meðfram Klambratúni. Spurt er: Hver er tilgangurinn með grjótveggnum? Stenst grjótveggurinn evrópska umferðaröryggisstaðla? Hver er kostnaðurinn við vegginn?

BORGARRÁÐ 17. ágúst 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnða veið niðurrif Toppstöðavarinnar - R16090153

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um hver kostnaður við niðurrif Toppstöðvarinnar getur orðið ef áhugasamir samstarfsaðilar fást ekki að húsinu.